

Gátlisti fyrir efnishönnun og textaskrif

Tryggjum að hver efnissíða uppfylli notendapörf



Tilgangur með efni

- Vitum við fyrir hvaða notendahóp þetta efni er?
- Vitum við hvert markmið notandans er? Hvað er hann að reyna að gera, sem við getum hjálpað honum með?
- Vitum við hvaða skref notandinn þarf að fara í gegnum til að ná markmiði sínu?
- Vitum við hvað þarf að koma fram í textanum til að notandinn geti klárað ætlunarverk sitt?

Síðutitlar

- Lýsir titillinn efninu á síðunni?
- Getur titillinn staðið einn í leitarniðurstöðum, án samhengis við flokkun leiðarkerfis?

Dæmi:

- Félagsstarf og þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara
- Félagsstarf og þjónustumiðstöðvar

- Eru mikilvægustu 'lykilorðin' framarlega í titlinum til að auðvelda notendum að skanna leiðarkerfi vefsins og leitarniðurstöður?

Dæmi:

- Ættleiðing, helstu upplýsingar fyrir umsækjendur
- Helstu upplýsingar fyrir umsækjendur um ættleiðingu

Uppsetning efnis á síðu

- Kemur fram fremst í textanum um hvað greinin fjallar, svo notendur sem fara óvart inn á ranga grein átti sig strax á því.
- Er mikilvægasta efnið, það sem flestir notendur leita eftir, ofarlega á síðunni?
- Er rétt uppbygging á headings (H1, H2, H3, H4) á síðunni?
- Eru millifyrirsagnir lýsandi svo notendur geti skannað síðuna og fundið strax textakaflann sem þeir leita eftir?
- Eru lengri textakaflar brotnir upp með millifyrirsögnum eða greinarskilum?
- Eru punktalistar notaðir til að auðvelda notendum að meðtaka upplýsingar og átta sig á aðalatriðum?

Hlekkir

- Eru hlekkir á viðeigandi stöðum í textanum til að hjálpa notendum að komast áfram í annað tengt efni?
- Er hlekkjað á þann hátt að fólk eigi auðvelt með að átta sig á því hvert hlekkurinn leiðir? Hlekkjum á lýsandi setningahluta.

Dæmi:


- ✓ Nánar um skattlagningu á [leigutekjur á vef Skattsins](#).
- ⊘ Nánari upplýsingar [hér](#).

Setningar og orðaforði

- Eru setningar stuttar og einfaldar?
- Er textinn skýr, hnitmiðaður og skrifaður með orðum sem fólk notar? Laus við lagamál, tæknimál og önnur flókin orð sem fáum er tamt að nota.
- Er textinn laus við skammstafanir? Skjálesarar lesa skammstafanir ekki alltaf rétt.
- Vitum við hvaða orð þurfa að koma fram í textanum svo að leitarvélar vísi fólki á réttan stað?

Dæmi:

Orðið **'gifting'** skilar margfalt fleiri leitarniðurstöðum á Google heldur en orðið **'hjónavígsla'**. Það er vísbending um að fólk noti það orð frekar í texta og tali, sem og við leit á vefnum. Með því að setja það orð í titil, millifyrirsögn eða texta hjálpum við notendum að finna þetta efni.



- Er textinn skrifaður út frá notandanum, en ekki út frá stofnuninni?

Dæmi:

- Samninginn má sækja eftir þinglýsingu.
- Samningurinn er afhentur eftir þinglýsingu.